

Nd.

159. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

Flm.: Jón Ólafsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að fela síldarútvegsnefnd að láta gera tilraunir til síldveiði í fjörðum og flóum landsins, með þar til gerðri botnvörpu, og greiðist kostnaður við tilraunir þessar úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem fé er eigi fyrir hendi í sjóði síldarútvegsnefndar.

2. gr.

Sýni það sig við rannsókn, að síldveiði á fjörðum, með veiðarfæri því sem um getur í 1. gr., reynist arðvænleg, getur ríkisstjórnin veitt veiðileyfi síldarverksmiðju-eigendum, félögum og einstaklingum þeim, sem hún álitur, að hafi bezt skilyrði til að hagnýta veiðina. Skal um fjölda veiðileyfa á einum og sama firði leitað umsagnar síldarútvegsnefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er mál kunnugra manna, að firðir landsins, sérstaklega Austfirðir, fyllist af síld vissa tíma ársins, og þá helzt vetrarmánuðina, en síldin komi ekki á yfirborð sjávarins eða á það grunn, sem hæfilegt er fyrir ádráttarnætur, né vaði uppi og gefi þannig færi á sér til hringnótaveiða. Ennfremur er það vitað, að mikil síldarganga er í Faxaflóa mikinn hluta ársins. Gerði síldarútvegsnefnd nokkrar tilraunir með styrk úr ríkissjóði til að veiða síld þessa í herpinót á síðastliðnu ári, en sú tilraun mistókst, enda var veðurfar mjög óhagstætt. Ennfremur veitti síldarútvegsnefnd einum útgerðarmanni talsverðan styrk til að reyna síldveiðar með botnvörpu. Tilraun sú tókst heldur eigi að þessu sinni, en þar sem vitað er, að mikil síld er veidd í botnvörpu bæði í Eyrstrasalti og í Norðursjónum, verður að teljast líklegt, að slík veiðiaðferð muni einnig með nægri þekkingu geta tekizt hér við land. Þar eð líklegt má teljast, að hér séu talsverð auðæfi ónotuð, en mjög þrengir nú að sjávarútveginum, virðist ástæða til að ganga úr skugga um, hvort hér er um auðsuppsprettu að ræða eða ímyndun eina, og er frv. þetta þess vegna fram komið.